

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Seyðisfirði



Dags eftirlits	24.9.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis	Trausti Marteinson	Staðsetning	733381,426	538446,438

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við umbúnað á áfyllingarplani.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit á góðum degi seint í september sl. Strax er greinilegt að áfyllingarplan og búnaður tengdur frárennsli frá olúbirgðastöðinni er ekki í góðu lagi. Grjótruðningur á áfyllingarplani bendir til mikils álags á olúskilju og sandfang. Eftir að trébryggja var rifin sem var neðan stöðvarinnar hefur ágangur sjávar greinilega skapað vandamál í olúbirgðastöðinni. Þegar stórstreymt er og vindur stendur á land neðan stöðvarinnar, ryðja öldur sér leið upp á áfyllingarplanið og bera með sér mól og sand. Þjónusta við sandfang og olúskilju hefur verið aukin á meðan þetta hefur ekki verið lagfært. Hægt væri að laga þetta með því að steypa eða malbika kant til hliðar við áfyllingarplanið.

Við skoðun í stöðinni eftir að vatni hafði verið hleypt á áfyllingarplanið, kom í ljós að olúbrák barst út í sjó í útfalli stöðvarinnar. Greinilegt er að mengunarvarnarbúnaður í frárennsli er ekki að hreinsa olíuleifar í nægjanlegu magni (<15 ppm olía). Þetta telst frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Skoðuð voru mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Seyðisfirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í stöðinni.

Fjórir geymar eru í stöðinni og voru þeir allir botnþykktarmældir á árinu 2008. Olíu er ekki landað á Seyðisfirði og því eru engar löndunarlagnir þar.

Farið var í skoðun á olúbirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró), olúskilja og fráveitumál. Loki í frárennsli mengunarvarnaþróar stóð lokaður.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í starfsleyfi, grein 2.4 um frárennsli	Í eftirliti var olúbrák við útfall frá olúbirgðastöðinni. Greinilegt var að olúskilja var ekki að vinna sitt verk við að halda olíuleifum í afrennsli við útfall undir 15 ppm. Skoða þarf breytingar á frárennsli stöðvarinnar til þess að tilskyldum kröfum í starfsleyfi sé náð.

ATHUGASEMDIR

Við eftirlit sást að sandur og mól berast upp á áfyllingarplanið þegar þannig stendur á flóði og veður eru váland. Hætta er á að efnin berist í olúskiljuna stöðvarinnar og dragi úr virkni hennar. Mælst er til þess, á meðan ekki er búið að laga þetta vandamál, sé þjónusta við olúskilju aukin og hún tæmd á hálfárs fresti.

Reykjavík, 16.10.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.